

Nemendaráð Naustaskóla

4. fundur skólaárið 2010-2011

Dagsetning: 25. janúar 2010

Mættir; Hrannar Þór og Tumi 8.b, Brynjar 7.b., Uglya 6.b., Freyr 5.b. og Bjarney Guðrún 4.b. ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

Nemendadagurinn. Gengið frá skipulagi nemendadagsins. Það verður sem hér segir:

Nemendadagurinn 28. janúar 2011 **Nemendaráð stjórnar efri hæð skólans kl. 8:10-11:45**

8:10 – Nemendur mæta í heimakróka, fulltrúar í nemendaráði á hverjum stað gera nafnakall og flytja morgunhugvekju :)

8:20 – Mæting á sal. Nemendaráð stjórnar dagskrá. Haldinn verður bekkjarfundur starfsmanna (Brynjar stjórnar), síðan verður hæfileikakeppni starfsmanna (Bjarney og Uglya stjórna, verðlaun veitt fyrir besta búninginn og besta atriðið), starfsmenn fara í danskennslu (Uglya og Brynjar stjórna) og að því búnu út í "Suicide" (Hrannar og Freyr stjórna).

9:00 – 9:30 "Frjáls skóli" í boði nemendaráðs. Spilað og spjallað. Skólakeppni í Borðtennis – útsláttarkeppni með einföldu sniði. (Tumi stjórnar)

9:30-9:55 Kennarar fara út í frímínútur en nemendur fá að vera inni. Sjoppa opin (8. bekkur afgreiðir), nemendaráð fær kaffistofuna til einkaafnota á þessum tíma.

10:15-11:45 "Frjáls skóli" Bíósýning í austurenda skólans (Aulinn ég) fyrir þá sem vilja.. aðrir spila eða hafa það huggulegt að eigin vali.. En það er bannað að læra !!!

11:45-12:15 Matur, "óskamatur" 4.-5. bekkjar í matinn

12:15-13:15 Smiðjur eins og venjulega!

Á nemendadaginn er leyfilegt að hafa með sér snakk að eigin vali en ekki gosdrykki.. (undanþága er veitt fyrir kolsýrt vatn)

Fyrir daginn þurfa þeir nemendur sem ætla að versla í sjoppunni og/eða taka þátt í borðtennismótinu að vera búnir að skrá sig..